

Miðvikudaginn 4. maí 1983.

Nr. 187/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissakstóknari)  
gegn

**Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni**

(Garðar Garðarsson hdl.)

**Eggert Gunnþóri Gunnarssyni**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

**Gylfa Kristni Sigurðssyni og**

(Örn Clausen hrl.)

**Andrésí Magnússyni**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Þjófnaður. Brot í opinberu starfi. Fjarskipti. Sýkna af ákæru fyrir tolllagabrot. Eignarupptaka. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thorodd-  
sen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. ágúst 1982 og gert þær kröfur, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru, þó svo, að felld verði úr ákærulið III B orðin „í heimildar-  
leysi“ og „út af vallarsvæðinu og“ svo og tilvitnun til 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit í síðustu málsgrein III. kafla ákæru. Krafist er þyngingar refsingar hinna ákærðu.

Ágrip barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er sannað, að ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn tóku haustið 1979 í heimildarleysi áfengi úr birgðageymslu Friðhafnarinnar á Keflavíkflugvelli og slógu eign sinni á það og fluttu það út af flugvallarsvæðinu. Enn fremur er sannað, að ákærðu Hörður Sigur-  
jón, Eggert Gunnþór og Andrés tóku í júlí 1980 áfengi með sama hætti úr birgðageymslunni. Fallist er á niðurstöður héraðsdóms um magn áfengis þess, sem ákærðu tóku, og skiptingu þess milli þeirra.

Áfengið fluttu ákærðu út úr birgðageymslunni um bakdyr, sem

tollgæslumenn áttu einir að hafa lykлавöld að, en ákærði Hörður Sigurjón hafði komist yfir lykil að dyrum þessum, eins og greinir í héraðsdómi.

Fríhöfnin á Keflavíkflugvelli er eign ríkisins og rekin samkvæmt 15. gr. laga um tollvörugeymslur nr. 47/1960. Hefur hún heimild til þess að selja tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi, þó einungis til áhafna og farþega í millilandaflugvélum.

Útsöluverð Fríhafnarinnar á áfengi því, sem ákærðu tóku, var samkvæmt gögnum málsins sem hér segir: Smirnoff vodka 5.75 Bandaríkjadóllarar hver lítri, gallon (3.785 l) af Canadian Club whiskey 29.75 dollarar og líkjörar frá 6.50 til 14.00 dollarar hver lítri. Á sama tíma nam einkasölugjald 9.800.00 krónum (gkr.) á hvern lítra af þessum áfengistegundum, sem fór fram úr því marki, sem ferðamönnum og flugliðum var heimilað að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. reglugerðir nr. 388/1979 og 102/1980, 2. og 6. gr. Í almennum áfengisútsölum kostaði 3/4 l flaska af vodka 9.400 krónur í nóvember 1979, en 14.000 krónur í júlí 1980.

Ákærðu hafa haldið því fram, að þeir hafi greitt í kassa Fríhafnarinnar útsöluverð áfengis þess, sem þeir tóku, og hafi það verið fastmælum bundið fyrirfram. Samkvæmt skýrslum ákærðu Harðar Sigurjóns og Eggerts Gunnþórs, sem telja sig hafa séð um greiðslurnar, fóru þær fram á sömu vakt eða næsta dag. En þótt miðað sé við það, að ákærðu hafi ætlað sér að greiða og síðar greitt í sjóð Fríhafnarinnar fjárhæð, sem svarar til verðs þess, sem áfengi er selt á til ferðamanna og áhafna flugvéla samkvæmt sérstökum reglum, er eigi giltu gagnvart ákærðu, verður engu að síður að líta svo á, að þeir hafi tekið áfengið úr birgðageymslu Fríhafnarinnar í auðgunarskyni. Hafa þeir því gerst sekir um þjófnað, og ber að refsa þeim samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæðið tæmir sök, þannig að ákærðu verður ekki refsað jafnframt samkvæmt lögum nr. 59/1969 fyrir að flytja áfengið út af flugvallarsvæðinu.

Ákærðu voru allir opinberir starfsmenn, og ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 138. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms að því er varðar III. kafla ákæru um brot gegn 2., sbr. 27. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti.

Með hliðstjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Harðar Sigurjóns hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði og refsing ákærða Eggerts Gunnþórs fangelsi 3 mánuði. Frá refsingu þeirra skal draga gæsluvarðhaldsvist, svo sem greint er í héraðsdómi.

Refsing ákærðu Gylfa Kristins og Andrésar hvors um sig er hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga, skilorðsbundið til tveggja ára.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku talstöðva og um málskostnað skulu vera óröskuð. Dæma ber ákræðu til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þannig að hver ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 9.000.00 krónur til hvers, en annan sakarkostnað greiði þeir in solidum, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson sæti fangelsi 4 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða, 2 daga.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson sæti fangelsi 3 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 7 daga.

Ákærðu Gylfi Kristinn Sigurðsson og Andrés Magnússon sæti hvor um sig fangelsi 45 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærðu halda almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á talstöðvum og um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærðu greiði hver um sig málsvarnarlaun verjanda síns, ákærði Hörður Sigurjón Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, ákærði Eggert Gunnþór Skarphéðni Þórisyni hæstaréttarlögmanni, ákærði Gylfi Kristinn Erni Clausen hæstaréttarlögmanni og ákærði Andrés Vilhjálmi Þórhallssyni hæstaréttarlögmanni, 9.000.00 krónur hverjum. Annan sakarkostn-

að greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara, er þeir fella atferli ákærðu undir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Meiri hlutinn byggir á þeirri frásögn ákærðu, að þeir hafi greitt í sjóð Friðhafnarinnar fjárhæð, sem svarar til verðs þess áfengis, sem selt er samkvæmt sérstökum reglum til ferðamanna og áhafna. Úr því að byggt er á framburðum ákærðu að þessu leyti í samræmi við regluna „in dubio pro reo“, þá get ég ekki séð, að Frihöfnin hafi beðið fjártjón af verknaði þeirra. Ég álit því vafasamt að telja athæfi þeirra þjófnað samkvæmt 244. gr. laga nr. 19/1940, þar sem „ólöglegt fjártjón að sama skapi“ er eitt af skilyrðum auðgunarbrotu skv. XXVI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. skýringar við 243. gr. téðra laga. Vegna þess vafa, sem ríkir um það, hvernig heimfæra á afbrot ákærðu til refsheimilda, þá ber skv. reglunni „in dubio pars mitior est sequenda“ að velja þann kostinn, sem ákærðu er hagstæðari. Samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála tel ég rétt að heimfæra brot ákærðu undir 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaeftirlit, sbr. og 138. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessum athugasemdum vildi ég staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Ég er sammála ákvörðun meiri hlutans varðandi kostnað af áfrýjun málsins.

#### Dómur sakadóms Njarðvíkur 11. júní 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 11. júní, var á dómþingi sakadóms Njarðvíkur, sem háð var að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132/1982: Ákæruvaldið gegn Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni, Eggert Gunnþóri Gunnarsyni, Gylfa Kristni Sigurðssyni og Andrési Magnússyni.

Embætti ríkissaksóknara annaðist sókn málsins, og var það dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. janúar 1982, gegn ákærðu Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni, Hraunsvegi 6, Njarðvík, fæddum 5. júlí 1941 í Keflavík, Eggert Gunnþóri Gunnarssyni, Fannborg 3, Kópavogi, fæddum 25. júní 1943 í Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu, Gylfa Kristni Sigurðssyni, Fálkagötu 34, Reykjavík, fæddum þar í borg 8. ágúst 1940, og Andrési Magnússyni, Bræðraborgarstíg 34, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. janúar 1956, öllum fyrrverandi starfsmönnum Frihafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli, fyrir eftirtalin brot:

## I.

Málið er höfðað gegn ákærðu Herði Sigurjóni, Eggert Gunnþóri og Gylfa Kristni fyrir að hafa í október/nóvember 1979, er þeir voru að störfum í Fríhöfninni, í heimildarleysi opnað bakdyr á lager verslunarinnar, sem einungis var ætlast til, að tollgæslan hefði lykla að, og stolið þar af birgðum verslunarinnar allt að 36 l lítra flöskum af vodka og 4 fleygum af koníaki, sem ákærði Eggert Gunnþór flutti í bifreið sinni út af flugvallarsvæðinu og að þáverandi heimili sínu, Ásgarði 5 í Keflavík, og skiptist áfengið með þeim hætti milli þeirra þriggja, að hver um sig fékk 12 flöskur af vodka og Eggert Gunnþór auk þess koníakið.

## II.

Málið er höfðað gegn ákærðu Herði Sigurjóni, Eggert Gunnþóri og Andrési fyrir að hafa í júlí 1980, er þeir voru að störfum í Fríhöfninni, með sama hætti og greint er í I. lið opnað þar greindar dyr og stolið af birgðum verslunarinnar allt að 36 l líters eða 5 pela flöskum af vodka, 4 flöskum af líkjör og 2 gallons flöskum af whiskey, sem ákærðu Eggert Gunnþór og Hörður Sigurjón fluttu í bifreið Eggerts Gunnþórs út af vallarsvæðinu og heim til Harðar Sigurjóns, en áfenginu skiptu þeir þrír síðan með sér.

Brot ákærðu í I. og II. lið teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 66. gr. laga um tollheimtu og tollfirtirlit nr. 59/1969, sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

## III.

Gegn ákærða Herði Sigurjóni einum er málið höfðað fyrir að hafa:

A. Haustið 1978 í heimildarleysi flutt hingað til lands talstöð af gerðinni Lafayette og haft hana í báti sínum, Húna, KE 114, þar til 13. október 1980, að lögreglan lagði hald á talstöðina.

B. Haustið 1979 keypt talstöð af tegundinni Sea Tiger af Bandaríkja-

manni á Keflavíkurflugvelli og í heimildarleysi flutt hana út af vallarsvæðinu og um borð í bát sinn í Njarðvíkurhöfn og síðar á viðgerðarverkstæði í Keflavík, en lögreglan lagði hald á talstöðina 13. október 1980.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 301/1941 og brotið í B lið enn fremur við 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Hörður Sigurjón enn fremur til að sæta upptöku á framangreindum talstöðvum samkvæmt 27. gr. fjarskiptalaganna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Harðar Sigurjóns hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- „1961 3/3 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.  
 1961 22/9 í Keflavík: Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.  
 1971 26/3 á Keflav.flugvelli: Dómur: Fangelsi í 3 mán., skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot g. 244. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaga.“

Ákærði Gylfi Kristinn hefur samkvæmt sakavottorði ekki sætt þeim refsingum, að ástæða sé að tilgreina þær.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu Eggerts Gunnþórs og Andrésar hafa þeir ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

#### *Málavextir.*

Rannsókn máls þessa hófst í september 1980, og var hún í höndum rannsóknarlögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Rannsókn hefur einnig farið fram hér fyrir dómi. Þann 30. september 1980 var ákærði Hörður Sigurjón úrskurðaður í allt að 9 daga gæsluvarðhald, en látinn laus 1. október s. á.

Þann 1. október 1980 var ákærði Eggert Gunnþór úrskurðaður í allt að 10 daga gæsluvarðhald, en látinn laus 7. október s. á.

Af gögnum málsins hefur eftirfarandi komið fram um málavexti:

#### *Um ákærulið I.*

Í október eða nóvemberbyrjun 1979 komst einn af starfsmönnum Fríhafnarinnar, ákærði Hörður Sigurjón, yfir lykil að lager verslunarinnar, sem er í sama húsnæði. Lykillinn var geymdur í kassa á vegg við dyr lagersins, en vegna þess að kassi þessi skemmdist, datt lykillinn úr honum. Lét hann búa til annan lykil og geymdi hann, en setti hinn á sinn stað. Ákærði Hörður Sigurjón skýrði svo frá, að þeir ákærðu Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn hafi verið með í ráðum um að láta smíða lykilinn, en því hafa

þeir alfarið neitað og kváðust ekki hafa haft neina vitneskju um lykilinn fyrr en kvöld það, er áfengið var tekið.

Kvöld eitt, er ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn voru einir á vakt, fóru þeir inn á lagerinn og tóku þaðan áfengi, settu það inn í bifreið Eggerts og fóru með það út af flugvallarsvæðinu. Eru ákærðu sammála um að hafa tekið 36 l líters flöskur af vodka, en ákærði Eggert kveðst hafa skilað aftur 2 flöskum, en í staðinn tekið 4 fleyga af koniaki.

Til grundvallar verða lagðir framburðir ákærðu Harðar Sigurjóns og Eggerts Gunnþórs þess efnis, að þeir hafi þegar á sömu vaktinni greitt í kassa verslunarinnar í íslenskum peningum fullt útsöluverð hennar fyrir það áfengi, sem tekið var. Ekki varð af þeirri fyrirætlun, að ákærði Gylfi Kristinn endurgeiddi þeim verð þess áfengis, sem í hans hlut kom. Þá verður lagt til grundvallar, að af áfenginu hafi komið 12 l lítra flöskur af vodka í hlut ákærðu Harðar Sigurjóns og Gylfa Kristins, en í hlut ákærða Eggerts Gunnþórs 10 l lítra flöskur af vodka og 4 fleygar af koniaki.

### *Um ákærulið II.*

Í júlí 1980, er ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert og Andrés voru einir að störfum í verslun Friðhafnarinnar, opnuðu þeir dyr lagersins og tóku þaðan áfengi og fluttu það út af flugvallarsvæðinu í bifreið ákærða Eggerts. Ekki eru ákærðu sammála um magn áfengisins.

Ákærðu Hörður Sigurjón og Eggert Gunnþór hafa borið, að þeir ásamt ákærða Andrésí hafi haft fullt samráð um að taka áfengið og að Andrés hafi hjálpað þeim við að bera kassana út í bílinn. Ákærði Andrés kveðst hins vegar ekki hafa tekið þátt í að bera áfengið út í bílinn né átt neinn þátt í ráðagerðinni. Hins vegar hafi hann orðið var við, að ákærðu Hörður Sigurjón og Eggert Gunnþór ræddu um það sín á milli að taka áfengi af lagernum og einnig að þeir höfðu lykil að lagernum. Þegar þeir hafi spurt hann, hvaða líkjörstegund hann vildi, hafi hann sagt: „B & B Dom“. Daginn eftir hafi meðákærðu boðið honum að fá í sinn hlut 1 kassa, eða 12 flöskur, af vodka auk umræddrar líkjörflösku. Hann hafi þegið það, en er hann spurði, hvort hann ætti ekki að greiða, hafi verið svarað: „þú skalt engar áhyggjar hafa af því. Við skulum sjá um það“.

Ákærði Hörður Sigurjón kveður hafa verið um að ræða 2 kassa af 1 lítra flöskum af vodka, 2 gallons flöskur af whiskey og 4 flöskur af líkjör. Ákærði Eggert segir það hafa verið 2 kassa af 1 lítra flöskum af vodka, 2 gallon af whiskey og 3 líkjörflöskur. Ákærði Andrés segir það hins vegar hafa verið 36 5 pela flöskur af vodka, 3 líkjörflöskur og 2 gallonsflöskur af whiskey.

Til grundvallar verða lagðir framburðir ákærðu Harðar Sigurjóns og

Eggerts Gunnþórs þess efnis, að þeir hafi þegar á sömu vaktinni greitt í kassa verslunarinnar í íslenskum peningum fullt útsölurverð hennar fyrir það áfengi, sem tekið var. Ákærði Hörður Sigurjón greiddi fyrir það áfengi, sem sannað þykir, að hafi komið í hans hlut, þ. e. 6 l lítra vodkaflöskur, 1 líkjörslösku og 1 gallon whiskey. Ákærði Eggert Gunnþór greiddi fyrir það áfengi, sem í hlut hans kom, þ. e. 6 l lítra vodkaflöskur, eina líkjörslösku og 1 gallon whiskey, og að auki fyrir 12 l lítra vodkaflöskur og 1 líkjörslösku, sem kom í hlut ákærða Andrésar.

### *Um ákærulið III.*

Ákærði Hörður Sigurjón kveðst hafa keypt talstöð þá, er greinir í lið III A í ákæruskjali, í Bandaríkjunum. Kveðst hann hafa farið með hana í farangri sínum til Íslands, en ekki framvísað henni sérstaklega við tollgæsluna, vegna þess að hún væri ekki svo verðmæt, að þess þyrfti. Kvaðst hann síðan hafa haft talstöðina í báti sínum, Húna, KE 114, en ekki hafi hann skrásett hana hjá Pósti og síma. Lögreglan lagði hald á talstöðina 13. október 1980.

Varðandi talstöðina, er greinir í lið III B, viðurkenndi ákærði, að hann hefði keypt hana af Bandaríkjamanni af Keflavíkurflugvelli, en að viðskiptin hafi farið fram í Njarðvíkurhöfn við bát ákærða. Segir hann, að Bandaríkjamaðurinn hafi komið þarna að og boðið sér talstöðina til kaups, en þeir hafi ekki hist áður og ekkert rætt um þessi viðskipti fyrir fram. Rannsókn málsins beindist ekki að því sem skyldi, hvar viðskiptin fóru fram. Fram hefur komið í málinu, að talstöð þessi er ónothæf og mun ekki hafa nýst ákærða.

### *Niðurstöður.*

Með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir í aðalatriðum um verknaði þá, sem greinir í ákæruskjali, að undanskildum eftirfarandi atriðum:

1. Um magn áfengis, sem sannað þykir, að ákærðu hafi tekið, visast til þess, sem áður segir.

2. Ósannað er, að ákærðu hafi stolið áfenginu, þar sem óhrakið stendur, að þeir hafi greitt fyrir það fullt verð, og skortir því það skilyrði, að Fríhöfnin, eigandi áfengisins, biði tjón af háttseminni. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Ósannað er, að ákærði Hörður Sigurjón hafi keypt talstöð, er greinir í ákærulið III B, á Keflavíkurflugvelli og í heimildarleysi flutt hana út af vallarsvæðinu. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot gegn 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit vegna þessa.

Telja verður, að allir ákærðu hafi verið opinberir starfsmenn í skilningi almennra hegningarlaga, er þeir frömdu brot þau, er greinir í liðum I og II í ákæru, sbr. greinargerð með XIV. kafla laganna. Þeir misstu starfa sína þegar við rannsókn málsins.

Samkvæmt framansögðu varða brot allra ákærðu samkvæmt I. og II. lið ákæru við 2. mgr. 66. gr. laga um tollheimtu og tollettirlit nr. 59/1969, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða Harðar Sigurjóns samkvæmt II. lið ákæru varðar við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941. Við ákvörðun refsingar hans ber að fara að ákvæði 77. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Harðar Sigurjóns Mýrdal Þórðarsonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta, og falli hún niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist í tvo daga, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941 skal gera talstöðvar þær, er greinir í málinu, upptækar til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Eggerts Gunnþórs Gunnarssonar telst hæfilega ákveðin varðhald í einn mánuð, en fullnustu refsingar skal fresta, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi í sjö daga. Er rétt skv. 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hans.

Refsing ákærða Gylfa Kristins Sigurðssonar telst hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 7 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Andrésar Magnússonar telst hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 7 daga varðhald, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hörður Sigurjón greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Eggert Gunnþór greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Gylfi Kristinn greiði málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Ákærði Andrés greiði málsvarnarlaun Vilhjálm Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Egill Stephensen fulltrúi.  
Dóm þennan kvað upp Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi tveir dagar gæsluvarðhaldsvistar með fullri dagatölu. Hann sæti einnig upptöku tveggja talstöðva, af gerðinni Lafayette og Sea Tiger.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson sæti varðhaldi í 1 mánuð, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi sjö daga gæsluvarðhaldsvist með fullri dagatölu.

Ákærði Gylfi Kristinn Sigurðsson greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, en í hennar stað komi varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Andrés Magnússon, greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, en í hennar stað komi varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Gylfi Kristinn Sigurðsson greiði málsvarnarlaun Arnars Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Ákærði Andrés Magnússon greiði málsvarnarlaun Vilhjalms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.